

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 611/2005

2008/EES/27/24

frá 20. apríl 2005

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 823/2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92 frá 25. febrúar 1992 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) ⁽¹⁾, einkum 1. mgr.,

að birtum drögum að þessari reglugerð ⁽²⁾,

að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 ⁽³⁾ er áætlunarskipafélögum veitt almenn undanþága frá banninu sem felst í 1. mgr. 81. gr. sáttmálans, með fyrirvara um tiltekin skilyrði.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 823/2000 fellur úr gildi 25. apríl 2005. Með hliðsjón af reynslu framkvæmdastjórnarinnar af að beita þeirri reglugerð virðast rökinn fyrir hópundanþágu fyrir skipafélagasamtök enn vera gild. Því ber að framlengja beitingu reglugerðar (EB) nr. 823/2000 um fimm ár til viðbótar.
- 3) Að nokkru leyti eru ákvæði reglugerðar (EB) nr. 823/2000 þó ekki nægilega löguð að gildandi venjum í atvinnugreininni. Því er rétt að gera nokkrar minni háttar breytingar til þess að reglugerð (EB) nr. 823/2000

þjóni betur tilgangi sínum á meðan beðið er eftir niðurstöðum úr endurskoðun á reglugerð ráðsins nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ⁽⁴⁾, en að því loknu kunna mikilvægari breytingar að vera nauðsynlegar.

- 4) Í reglugerð (EB) nr. 823/2000 er m.a. kveðið á um að í samningum um skipafélagasamtök verði að gefa aðildarfélögunum kost á úrsögn úr skipafélagasamtökunum án þess að til komi fjársektir eða önnur viðurlög, sbr. þó tiltekin skilyrði um uppsagnarfrest sem ber að veita. Reynslan hefur sýnt að óljóst er hvornig túlka ber þetta ákvæði ef gildistöku dag samnings um skipafélagasamtök ber upp fyrir þann dag þegar þjónustustarfsemi hefst, t.d. þegar skip eru ófánleg eða enn í smíðum. Því ber að setja sértækt ákvæði um þær aðstæður.
- 5) Eðlilegt er að skipafélagasamtök vilji tryggja nýjar fjárfestingar sínar í fyrirliggjandi þjónustustarfsemi. Sá möguleiki að aðilar að samningi um skipafélagasamtök geti skuldbundið sig með því að setja skilmála um „úrsagnarbann“ skal því einnig gilda ef aðilar að fyrirliggjandi samningi um skipafélagasamtök hafa komið sér saman um mikilvægar, nýjar fjárfestingar og kostnaður við slíkar nýjar fjárfestingar réttlætir nýjan skilmála um „úrsagnarbann“.
- 6) Í reglugerð (EB) nr. 823/2000 er kveðið á um að undanþágan sé háð því að tiltekin skilyrði séu uppfyllt, þ.m.t. að virk verðsamkeppni sé milli aðila að samsiglingakerfinu sem skipafélagasamtökin tilheyra, af þeirri ástæðu að samningurinn um samsiglingakerfið heimili fyrrnefndum aðilum með skýrum hætti að ákvarða sjálfstætt öll farmgjöld sem kveðið er á um í gjaldskrá samsiglingakerfisins. Athygli framkvæmdastjórnarinnar hefur verið vakin á því að það að ákvarða sjálfstætt öll farmgjöld getur ekki lengur talist algeng markaðsvenja. Aftur á móti gegna einstakir samningar, sem eru trúnaðarmál, nú mikilvægara hlutverki í ýmsum greinum viðskipta. Slíkir samningar, sem eru trúnaðarmál, geta einnig skapað virka samkeppni milli aðila í samsiglingakerfinu. Því ber að líta á einstaka samninga, sem eru trúnaðarmál, sem vísbendingu um virka verðsamkeppni milli aðila að samsiglingakerfinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 101, 21.4.2005, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13.10.2005, bls. 27.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 55, 29.2.1992, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003 (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. EB C 319, 23.12.2004, bls. 2.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 24. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 463/2004 (Stjtið. ESB L 77, 13.3.2004, bls. 23).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.

- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 823/2000 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 823/2000 er breytt sem hér segir:

1. Í 2. gr. bætist við eftirfarandi 6. og 7. mgr.:
 - „6. „upphaf þjónustustarfsemi“: sá dagur þegar fyrsta skipið siglir í tengslum við þjónustustarfsemina eða, hafi mikilvæg, ný fjárfesting átt sér stað, sá dagur þegar fyrsta skipið siglir samkvæmt þeim skilmálum sem eru bein afleiðing af þeirri mikilvægu nýju fjárfestingu,
 7. „mikilvæg, ný fjárfesting“: fjárfesting sem leiðir til byggingar, kaupa eða langtímaleigu á skipum, sem eru sérhönnuð fyrir og hafa mikla þýðingu fyrir rekstur þjónustustarfseminnar, og sem er a.m.k. helmingurinn af samanlögðum fjárfestingum aðila að skipafélagasamtökunum í tengslum við þá þjónustustarfsemi í flutningum á sjó sem er á vegum skipafélagasamtakanna.“,
2. Eftirfarandi komi í stað a-liðar 5. gr.:
 - „a) virk verðsamkeppni sé milli aðila að samsiglingakerfinu, sem skipafélagasamtökin tilheyra, af þeirri ástæðu að samningurinn um samsiglingakerfið heimilur fyrrnefndum aðilum með skýrum hætti, annaðhvort samkvæmt lagaskyldu eða með öðrum hætti, að ákvarða sjálfstætt öll farmgjöld sem kveðið er á um í gjaldskrá samsiglingakerfisins og/eða að gera einstaka samninga, sem eru trúnaðarmál, eða“,
3. Eftirfarandi komi í stað b-liðar 8. gr.:
 - „b) Fyrirtækjum, sem eiga aðild að samningi um skipafélagasamtök, skal með slíkum samningi tryggður réttur til úrsagnar úr samtökunum án þess að til komi

fjársektir eða önnur viðurlög, t.d., einkum og sér í lagi, skuldbinding þess efnis að hætta öllum flutningum á því sviði eða sviðum sem um ræðir, hvort sem það skilyrði fylgir eða ekki að heimilt sé að hefja slíka starfsemi á ný að tilteknum tíma liðnum. Fyrirnefndur réttur er háður lengst sex mánaða uppsagnarfresti, þó með þeim hætti að um úrsögn getur fyrst verið að ræða 18 mánuðum eftir gildistökudag samningsins um skipafélagasamtökin eða samningsins um mikilvægar nýjar fjárfestingar í sameiginlegri þjónustustarfsemi á sjó. Ef gildistökudagur samningsins er fyrr en dagurinn þegar þjónustustarfsemin hefst getur ekki verið um úrsögn að ræða fyrr en 24 mánuðum eftir gildistökudag samningsins um skipafélagasamtökin eða gildistökudag samningsins um mikilvægar nýjar fjárfestingar í sameiginlegri þjónustustarfsemi á sjó.

Þegar um er að ræða mjög samþætt skipafélagasamtök sem hafa með sér samlag um nettóhagnað og/eða umfangsmiklar fjárfestingar, vegna kaupa eða leigu aðilanna á skipum, sérstaklega vegna stofnunar samtakanna, skal uppsagnarfrestur vera lengst sex mánuðir sem getur hafist 30 mánuðum eftir gildistökudag samningsins um skipafélagasamtökin eða samningsins um mikilvægar nýjar fjárfestingar í sameiginlegri þjónustustarfsemi á sjó. Ef gildistökudag samningsins ber upp fyrir þann dag þegar þjónustustarfsemin hefst getur ekki verið um úrsögn að ræða fyrr en 36 mánuðum eftir gildistökudag samningsins um skipafélagasamtökin eða gildistökudag samningsins um mikilvægar nýjar fjárfestingar í sameiginlegri þjónustustarfsemi á sjó.“

4. Í annarri málsgrein 14. gr. komi dagsetningin „25. apríl 2010“ í stað „25. apríl 2005“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 26. apríl 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. apríl 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.